



2010

Þjóðarspegilinn

RANNSÓKNIR Í FÉLAGSVÍSINDUM XI

Félagsráðgjafardeild – Ritstýrðar greinar

Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstjóri
Halldór Sig. Guðmundsson

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

RANNSÓKNIR Í
FÉLAGSVÍSINDUM XI

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

RANNSÓKNIR Í FÉLAGSVÍSINDUM XI

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstjóri

Halldór Sig. Guðmundsson

© 2010 Höfundar
ISSN 1670-8725
ISBN 978-9935-424-03-7

Öll réttindi áskilin

Greinar í bók þessari má afrita í einu eintaki til einkanota, en efni þeirra er verndað af ákvæðum höfundalaga og með öllum réttindum áskildum.

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----|
| Höfundalisti..... | II |
| Formáli | III |
| | |
| Hervör Alma Árnadóttir | |
| <i>Fjölskyldusamráð: Leið barna til virkrar þátttöku</i> | 1 |
| Sigrún Ingvarsdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir | |
| <i>Ofbeldi gegn öldruðum: Viðborf, þekking og reynsla starfsfólks í heimaþjónustu.....</i> | 10 |
| Steinunn Hrafnadóttir og Ómar H. Kristmundsson | |
| <i>Breytingar á tekjum félagasamtaka í velferðarþjónustu í kjölfar efnabagsbrunsins</i> | 17 |

Höfundalisti

Hervör Alma Árnadóttir, lektor við Félagsráðgjafardeild HÍ
Ómar H. Kristmundsson, prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ
Sigrún Ingvarsdóttir, félagsráðgjafi
Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild HÍ
Steinunn Hrafnadóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild HÍ

Formáli

Þjóðarspejillinn, ráðstefna um rannsóknir í félagsvísindum er nú haldinn í ellefta skipti í Háskóla Íslands. Sem fyrr er markmið ráðstefnunnar að kynna rannsóknir á sviðinu og opna almenningi aðgang að þeim.

Á undanförunum árum hefur ráðstefnurit *Þjóðarspejilsins* verið prentað. Að þessu sinni er ritið aðeins gefið út á rafrænu formi og í opnum aðgangi á vefnum. Tilgangurinn er að stuðla að enn frekari kynningu á rannsóknum og auðvelda aðgengi að þeim. Útgáfan birtist í tveimur hlutum fyrir hverja deild félagsvísindasviðs; annar þeirra er ritrýndur og hinn ritstýrður.

Í hluta *Félagsráðgjafardeildar* eru birtar 10 fræðigreinar, sjö ritrýndar og þrjár ritstýrðar. Starfsfólk félagsráðgjafardeildar eru höfundar og meðhöfundar sjö þessara tíu greina. Tvær greinar byggja á rannsóknarverkefnum úr meistaranámi og ein á rannsóknum höfundar í doktorsnámi. Greinarnar fjalla um ýmsa þætti velferðarkerfisins eins og börn, fjölskylduna og umgjörð hennar, barnavernd, fölskyldusamráð, samstarf og miðlun upplýsinga í velferðarþjónustu, þjónustu við eldra fólk, stöðu félagasamtaka í kjölfar efnahagserfiðleika, og um viðhorf til skuldsetningar einstaklinga. Á sjálfan ráðstefnudaginn þann 29. október kynna allir höfundar efni greina sinna með fyrirlestrum og eða veggspjöldum.

Ráðstefna af því umfangi sem *Þjóðarspejillinn* er, krefst mikils undirbúnings og samvinnu margra, ekki síst með þeirri viðbót sem felst í ritrýningu greina. Höfundum og ritrýnum eru færðar sérstakar þakkir fyrir sitt framlag. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hafði sem fyrr veg og vanda að undirbúningi og framkvæmd og á starfsfólk hennar lof skilið fyrir vinnu sína og áhuga. Um umbrotsvinnu og yfirlestur sáu Sóley Lúðvíksdóttir, Vala Jónsdóttir, Hólmfríður Arnalds, Ásta Björk Birgisdóttir, Linda Guðmundsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Olga Árnadóttir, Harpa Lind Jónsdóttir, Hulda Sævarsdóttir, Hlín Kristbergisdóttir, og Anna María Valdimarsdóttir. Gunnar Þór Jóhannesson, Sóley Lúðvíksdóttir, Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, Vala Jónsdóttir og Katrín Ákadóttir, sáu um aðra umsýslu og er þeim öllum færðar sérstakar þakkir fyrir framlag sitt og ánægjulegt samstarf.

Hörgársveit, í október 2010.

Halldór Sig. Guðmundsson

Fjölskyldusamráð

Leið til virkrar þátttöku barna

Hervör Alma Árnadóttir

Á síðustu árum hefur verið vaxandi umræðan um sjónarmið barna og réttindi barna til hlutdeildar í ákvarðanatöku um málefni sem þau varðar. Skerpt hefur verið á lögum sem fjalla um réttindi barna og þróaðar vinnuaðferðir sem byggja á því að tryggja þátttöku barna í ákvörðun. Markmið þessarar greinar er að kynna eina af þessum aðferðum sem heitir *fjölskyldusamráð* og fjalla um niðurstöður rannsókna á því hvernig börn upplifa þátttöku sína þegar aðferðinni er beitt. Fjölskyldusamráð er upprunnið frá Nýja-Sjálandi og hefur aðallega verið notuð í barnaverndarvinnu. Aðferðin byggir á hugmyndum um þáttökulýðræði og virkri þátttöku skjólstaðinga í vinnslu eigin mála. Líkt og aðrar samræðuáðferðir kallar aðferðin á breytt vinnulag við faglegan stuðning og nýja skilgreiningu á stöðu fagmanna. Aðferðin fellur vel að hugmyndum samtímans um samráð við skjólstaðinga og ekki síður því að sjónarhorn barna sé virt með raunverulegum hætti til að styrkja þau og valdefla. Þegar rannsóknir á árangri fjölskyldusamráðs eru skoðaðar kemur í ljós að árangur er almennt góður en þó vantar talsvert á það að fagmenn nýti aðferðina til að virkja börn til þátttöku.

Nýjar hugmyndir hafa þróast um stöðu barna í samfélaginu og þykja það nú sjálfsgöð mannréttindi að leitað sé eftir sjónarhorni þeirra þegar fjallað er um líf þeirra og aðstæður. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var samþykktur árið 1989 er kveðið á um að það að vera barn sé ákveðið lífsskeið sem beri að virða sem slíkt. Sú hugsun sem kemur fram í barnasáttmálanum var talsverð nýlunda frá fyrri tíð þegar lítið var á börn sem einskonar vísi að fullorðnum einstaklingi, en ekki á æskuárin sem ákveðið lífsskeið sem bæri að virða heldur aðeins leið að áfanganum til þess að vera fullorðinn. Sjónarhorn barna í félagsráðgjöf samtímans tengist sterklega þeirri hugmynd að börn séu fullgildar manneskjur og samfélagsþegnar sem beri að hlusta á og virða. Því er mikilvægt að félagsráðgjafar í barnavernd og félagsþjónustu tileinki sér vinnuaðferðir sem hafa það að markmiði að færa börn og þátttöku þeirra fram í dagsljósið (Jóhanna Einarsdóttir, 2005; Mortensen, 2007; Þórhildur Lindal, 2007).

Niðurstöður rannsókna benda til að börn hafa getu og hæfni til að gefa góðar og gagnlegar upplýsingar þegar mál þeirra eru til umfjöllunar, ef réttar aðferðir eru notaðar. Líður í lýðræðislegu uppeldi og þess vegna ákvarðanatöku er að hvetja börn til þátttöku. Því þarf að vinna markvisst að því að veita börnum hlutdeild í ákvarðanatöku og leita eftir sýn þeirra og lausnum (Jóhanna Einarsdóttir, 2005; Mortensen, 2007). Í lögum er nú kveðið á um mikilvægi þess að talað sé við börn og að sjónarmið þeirra fái að heyrast þegar unnið er að velferð þeirra. Í fyrstu lögum um barnavernd frá árinu 1932 er hvergi getið um rétt barna til að tjá sig eða koma skoðun sinni á framfæri. Lögin taka einungis til réttar hins opinbera til afskipta og síðan ábyrgðar foreldra. Samkvæmt núgildandi barnalögum á að veita barni kost á að tjá sig nema grunur leiki á að það geti haft skaðleg áhrif eða sé metið þýðingarlaust með tilliti til niðurstöðu máls. Með barnaverndarlögum á Íslandi sem gengu í gildi árið 2002 var réttur barna áréttaður og segir þar að alltaf eigi að hafa barn sem er 12 ára með ráðum en séu börn yngri eigi að taka tillit til skoðana þeirra og sjónarmiða með tilliti til aldurs þeirra og þroska. Þar segir einnig að barn sem náð hefur 15 ára aldri sé aðili máls (Barnalög nr. 76/2003; Barnaverndarlög nr. 80/2002; Lög um barnavernd nr. 43/1932).

Félagsráðgjafar hafa skrifað um að það sé óásættanlegt í samtímanum að ætla börnum að búa í samfélagi án virkrar þátttöku og ábyrgðar. Þátttaka þeirra sé nauðsynleg til að þau geti tekið þátt í lýðræðislegum ákvörðunum um málefni sem þau varðar. Það má þó ekki túlka nálgunina þannig að börn eigi að bera ábyrgð á málefnum fjölskyldunnar, heldur að á þau sé hlustað og þau fái tækifæri til þess að greina frá þörfum sínum og óskum (Guðrún Kristinsdóttir, 2005; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005). Vegna þessa er mikilvægt að nýta þær aðferðir sem þróaðar hafa verið síðustu áratugi og hafa það að markmiði að standa sérstakan vörð um réttindi barna og virkja þau til þátttöku. Samhliða því er brýnt að fjölga enn frekar þeim rannsóknnum sem skoða þátttöku og upplifun barna, til að mynda af barnaverndarstarfi. Einnig þarf að skoða hvernig fagfólki hefur tekist að laga sig að nýjum áherslum um þátttöku notenda og hvort þær skila sér í betri líðan og aukinni velferð. Raunhæft má telja að það taki tíma fyrir starfsmenn að breyta starfsháttum sínum og einnig fyrir notendur að læra að nýta sér rétt sinn (Heino, 2009; Raunkjær og Laurén, 2006).

Uppruni fjölskyldusamráðs

Mikið hugmyndafræðilegt umrót var á níunda áratug síðustu aldar sem einkenndist af breyttum hugmyndum um ábyrgð og virkni einstaklinga og þá hvernig opinber þjónusta er veitt og þróuð. Í félagsráðgjöf hefur verið brugðist við með því að þróa nýjar leiðir í samskiptum og til ákvarðanatöku með notendum. Ein þessara leiða eru starfskenningar um fjölskyldusamráð (*family group conference*) sem byggja á þeirri trú að flestar fjölskyldur búi yfir styrk til að hjálpa sér sjálfar þegar erfið mál, eins og barnaverndarmál, koma upp, fái þær viðeigandi hjálp. Aðferðin útheimtir mikið samstarf við fjölskyldur með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Með aðferð fjölskyldusamráðs er verið að færa ákvarðanatöku og það vald sem henni fylgir til samræmis við hugmyndir samtímans, frá fagfólki til fjölskyldna. Rökin fyrir því að færa völd og ákvarðanatöku til fjölskyldna eru þau að það séu ættingjar barnanna sem bera mesta umhyggju fyrir þeim og leggja sig fram við að vernda börnin. Það séu líka ættingjar barnanna sem skilji best samskiptamynstrið innan fjölskyldunnar. Horfið er frá því að nýta eingöngu sérfræðiþekkingu en þess í stað byggja barnaverndarstarfið á virkri þátttöku barnsins, fjölskyldunnar og tengslanetsins. Áhersla skal vera á styrkleika fjölskyldunnar, sem þar með verði rauður þráður í þeirri áætlun sem verði til (Heino, 2009; Lupton og Nixon, 1999; Mortensen 2007; Schjelderup, Omre og Marthinsen 2005).


Fjölskyldusamráð á rætur sínar að rekja til menningar Maoría, frumbyggja Nýja-Sjálands. Vegna fordóma gagnvart Maórium og hefðum þeirra, er meðal annars talið að opinberir aðilar hafi tekið óvenju hátt hlutfall barna frá fjölskyldum sínum og sett á stofnanir eða í fóstur þar sem ekki var gætt tengsla við menningu þeirra og hefðir. Maoríar voru ósáttir við að börnin væru slitin úr umhverfi sínu á þennan hátt og þróuðu því aðferð til að bregðast við þessu, aðferð sem byggir á því að nýta styrk stórfjölskyldna og þess samfélags sem barnið býr í. Þannig var samfélaginu gefið tækifæri til að bera umhyggju og ábyrgð á þegnum sínum með aðstoð fagaðila (Heino, 2009; Lupton og Nixon, 1999; Mortensen 2007; Schjelderup, Omre og Marthinsen 2005).

Fjölskyldusamráð hefur fyrst og fremst verið notað í barnaverndavinnu, en í þróun eru ýmsar útgáfur af því í vinnu með öldruðu fólki og fólki með fötlun. Valdefling er höfð að leiðarljósi þar sem verið er að færa völd eða ákvörðunarvald frá fagfólki til fjölskyldna og styrkja bönd fjölskyldunnar og samhjálp annars vegar, og fagfólks og fjölskyldu, hins vegar. Forsenda vinnunnar þarf að byggjast á trú á getu og hæfni fjölskyldna til að leysa úr vanda sínum í eigin umhverfi með stuðningi fagfólks. Fjölskyldusamráð leiðir ekki einungis til valdeflingar einstakra fjölskyldumeðlima

heldur einnig til annarra sem taka þátt í fjölskyldusamráðinu. Þetta er fjölskyldum mikilvægt, að skynja sig sem hluta af samfélagi, hluta af stærri heild (Hansen, Hansen og Rasmussen, 2003; Heino 2009; Lupton og Nixon, 1999; Schjelderup, Omre og Marthinsen, 2005; Wise, 2005).

Nauðsynlegt er að skoða fjölskyldusamráð sem ferli frekar en inngrip. Í barnaverndarstarfi má nota fjölskyldusamráð á mörgum stigum vinnunnar og á margan hátt, t.d. þegar vista á barn utan heimilis, en einnig þegar búa á barni öruggara umhverfi á heimili sínu. Unnið er eftir ákveðnu ferli sem felur það í sér að fjölskyldum er boðið upp á fjölskyldufund í þeim tilgangi að finna lausn á þeim vanda sem upp hefur komið (Heino, 2009; Mortensen 2007; Schjelderup, Omre og Marthinsen 2005).

Ef fjölskyldan og félagsráðgjafi komast að samkomulagi um að vinna eftir starfsaðferðum fjölskyldusamráðs í barnaverndarmáli er kallaður til annar aðili, svokallaður samráðsaðili sem sér um ytri umgjörð fundarins og undirbúning gesta. Fer af stað ferli sem greint er frá í mynd eitt. Félagsráðgjafinn hefur það hlutverk í samstarfi við fjölskylduna að undirbúa þær spurningar sem fundurinn á að svara út frá þörfum fjölskyldunnar, greiningu og mati, til þess að tryggja velferð barnsins sem um ræðir. Samráðsaðili er óháður og starfar ekki á þeirri stofnun sem mál fjölskyldunnar heyrir undir. Samráðsaðili fer yfir það með fjölskyldunni hverjum hún ætlar að bjóða á fundinn. Ákveðinn er fundarstaður og tími sem hentar. Mikilvægt er að fjölskyldan taki þátt í að velja stað fyrir fundinn, stað sem er notalegur og þægilegur fyrir fjölskylduna. Samráðsaðili ræðir við alla sem á fundinn eru boðaðir og gerir þeim grein fyrir því út á hvað fundurinn gengur, kynnir þær spurningar sem leggja á fyrir fundinn og reynir að leysa ágreining milli boðaðra fjölskyldumeðlima, sé hann til staðar. Eins og áður hefur verið sagt er aðferð fjölskyldusamráðs leið til að gefa fjölskyldum tækifæri til að leysa úr vanda sínum í sameiningu og búa til viðeigandi áætlun með hag barnsins að leiðarljósi (Hansen o.fl., 2003; Heino, 2009; Hervör Alma Árnadóttir, 2008; Lupton og Nixon, 1999; Schjelderup o.fl., 2005).



Mynd 1. Ferli fjölskyldusamráðs

Fjölskyldusamráðsfundinum er skipt í þrjá hluta; upplýsingagjöf, einkatíma fjölskyldunnar og áætlun og samþykki. Í fyrsta hluta fundarins mæta allir, fjölskylda og fagaðilar. Félagsráðgjafinn byrjar á því að kynna málið og þann vanda sem leysa þarf úr. Einnig lætur hann vita ef einhver ákveðin skilyrði verða að felast í áætluninni. Síðan gefa aðrir fagaðilar stutta skýrslu um aðkomu sína að viðkomandi máli og að því loknu er fjölskyldunni gefið tækifæri til að spyrja nánar út í þær skýrslur. Að lokinni yfirferð spurningalista yfirgefa fagaðilar fundinn (Hansen o.fl., 2003; Heino, 2009; Hervör Alma Árnadóttir, 2008; Lupton og Nixon, 1999; Mortensen, 2007; Schjelderup o.fl., 2005).

Í öðrum hluta fundarins er fjölskyldan án fagaðila og samráðsaðila en hefur fengið þær upplýsingar sem hún þarf til að svara spurningum sem fyrir fundinum lágu. Markmiðið að nýta styrkleika og sköpun stórfjölskyldunnar til að búa til áætlun sem miðar að bættu lífi og öryggi barnsins (Hansen o.fl., 2003; Heino, 2009; Hervör Alma Árnadóttir, 2008; Lupton og Nixon, 1999; Mortensen, 2007; Schjelderup o.fl., 2005).

Í þriðja hluta fundarins koma félagsráðgjafinn og samráðsaðilinn aftur inn á fundinn. Samráðsaðilinn aðstoðar fjölskylduna við að móta og orða þá áætlun sem búin var til og síðan er hún kynnt félagsráðgjafanum sem ákvarðar hvort áætlunin er ásættanleg og tryggir öryggi barnsins. Félagsráðgjafinn spyr fjölskylduna út í áætlunina og reynir að glöggva sig á því hvernig fjölskyldan ætlar að tryggja viðunandi aðstæður barnsins eða fyrirbyggja áhættuhegðun þess. Ef áætlunin er samþykkt, er eftirfylgdarfundur tímasettur eftir fjórar til sex vikur. Ef áætlunin er ekki ásættanleg þarf annaðhvort að reyna betur eða leita annarra leiða (Hansen o.fl., 2003; Heino, 2009; Hervör Alma Árnadóttir, 2008; Lupton og Nixon, 1999; Mortensen, 2007; Schjelderup o.fl., 2005).

Á eftirfylgdarfundum er farið yfir áætlunina með fjölskyldunni og rætt um hvort og hvernig gangi. Viðbúid er að breyta þurfi einhverju í áætlun og er það þá gert. Ef áætlun gengur alls ekki eftir, er ákveðið hvort boða skuli til nýs fundar eða reyna aðrar aðferðir (Hansen o.fl., 2003; Heino, 2009; Hervör Alma Árnadóttir, 2008; Lupton og Nixon, 1999; Mortensen, 2007; Schjelderup o.fl., 2005).

Innleiðing fjölskyldusamráðs á Íslandi

Íslenskir félagsráðgjafar kynntust fjölskyldusamráði á ráðstefnu sem þeir sóttu í Skandinavíu árið 2003. Í byrjun árs 2004 var ákveðið að innleiða aðferðina hjá Barnavernd Reykjavíkur og þar með að innleiða hugmynd til framkvæmdar. Hafist var handa við undirbúning þess og verkefnið sett í starfsáætlun Félagsþjónustunnar í Reykjavík. Aðferðin samræmdest vel stefnu borgarinnar um aukna þátttöku notenda og valdeflingu. Í starfsáætlun kom fram að verkefnið yrði unnið í samstarfi Félagsþjónustu (nú Velferðarsvið), Barnaverndarstofu og Háskóla Íslands. Áformað var að vinna með nokkrum fjölskyldum í fjölskyldusamráði það árið 2004. Samhliða innleiðingu var tekin ákvörðun um þátttöku Íslands í samnorrænni rannsókn sem fjallaði um fjölskyldusamráð frá sjónarhorni barna (Félagsþjónustan í Reykjavík, 2004; Hervör Alma Árnadóttir, 2008).

Í september 2004 voru fengnir sérfræðingar í fjölskyldusamráði frá Svíþjóð til að kenna félagsráðgjöfum í Félagsþjónustu og Barnavernd Reykjavíkur aðferðina. Félagsráðgjöfum leist almennt vel á hugmyndafræðina, en einhver tregða virtist þó vera til að hefjast handa. Fagfólk bar við tímaleysi og taldi að aðferðin væri of tímafrek þegar mikið álag væri á starfsmönnum og lítið svigrúm til nýjunga. Skemmst er frá því að segja að næstu fjögur árin kom fram í starfsáætlun Velferðarsviðs Reykjavíkur að vinna ætti ákveðinn fjöldi mála samkvæmt aðferðarfræði fjölskyldusamráðs. Á þessu tímabili eru nokkur markmið nefnd, svo sem að auka hlutdeild notenda í skipulagningu og þjónustu. Enn fremur að auka lífsgæði barna sem búa við erfið kjör, efla stöðugleika í uppveksti barna og að styðja við þróun og nýsköpun. Þrátt fyrir þetta hafa aðeins sjö fjölskyldur tekið þátt í fjölskyldusamráði hjá Reykjavíkurborg (Félagsþjónustan í Reykjavík, 2005; Freydís Freysteinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir, 2007; Rasmussen, 2010; Reykjavíkurborg, 2006; Reykjavíkurborg, 2007; Reykjavíkurborg, 2008).

Könnun var lögð fyrir þá félagsráðgjafa sem nýtt höfðu aðferðina á vordögum ársins 2007. Í þeirri könnun kom meðal annars fram að þeir höfðu trú á að aðferðin myndi henta vel íslenskum fjölskyldum og vera góð viðbót við vinnuáferðir í barnaverndarmálum. Þeim fannst aðferðin þjappa fjölskyldunni saman og opna á ákveðin mál sem höfðu ekki áður verið rædd. Þeir töldu að fjölskyldurnar hefðu þurft betri og þéttari eftirfylgd en þeim hafði staðið til boða, en töldu aðferðina tvímælalaust eiga erindi í íslensku samfélagi (Hervör Alma Árnadóttir, 2007).

Umræða um stöðuna í dag

Starfsaðferðir fjölskyldusamráðs virðast ekki verið nýttar hjá Reykjavíkurborg síðustu tvö árin og ekkert hefur komið fram í starfsáætlun um aðferðina síðan árið 2008. Ljóst er að ekki gekk sem skyldi að innleiða aðferðina. Ein skýring gæti verið að innleiðingarferlið hafi ekki verið nógu skýrt (Rasmussen, 2010; Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, 2009; Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, 2010). Einnig má spyrja hvort fagfólk hafi ekki verið tilbúið til að breyta starfsháttum sínum jafn mikið og aðferðin kallar á. Færa má rök fyrir því að aðferðin ætti að henta vel hér á landi vegna að rannsóknir benda til þess að hlutur fjölskyldna í samhjálpi á Íslandi sé mikill. Enn er talsvert um það að kynslóðir búi saman, ungt fólk búi lengur heima hjá foreldrum en annarsstaðar Norðurlöndum. Einnig er talsvert um að pör flytji heim til foreldra á meðan verið er að safna fyrir íbúð eða byggja. Heimili geta því verið nokkuð fjölmenn (Sigrún Júlíusdóttir, 2001; Stefán Ólafsson, 1999).

Niðurstöður samnorrænu rannsóknarinnar, sem gerð var samhliða tilraun til að innleiða fjölskyldusamráðsaðferðina, bentu til þess að stuðningur hefði þurft að vera talsvert meiri við þá félagsráðgjafa sem gerðu tilraun til að nýta aðferðina. Hér á landi voru tekin eigindleg viðtöl við þrjú börn á eins og hálfárs tímabili þar sem hlustað var eftir upplifun þeirra af aðferðinni og þátttöku. Ekki er hægt að alhæfa út frá rannsókninni en hún gefur lýsingu á upplifun þeirra sem tóku þátt í fjölskyldusamráði. Svo virtist sem frjálsglega hafi verið farið með vinnuáferðina og þá sérstaklega hvað varðar þátttöku barna. Börnin sem rætt var við voru jákvæð þótt þau teldu sig ekki hafa verið virka þátttakendur í ferlinu. Þau sögðu fundinn t.d. hafa skipt fjölskylduna máli á þann hátt að hún hefði orðið „meiri fjölskylda“ eftir hann. Ekkert þeirra kannaðist við að hafa valið sér talsmann eða tekið þátt í að búa til spurningar fyrir fundinn sem er ein af grundvallarhugmyndum fjölskyldusamráðs. Vísbendingar voru um að fagfólkið sem beitti aðferðinni hefði þurft betri kennslu og tíma til þess að geta útfært aðferðina betur og fylgt leiðbeiningum. Fundinn hefði þurft að undirbúa betur svo sem gerð spurninganna sem lagðar voru fyrir, sem og eftirfylgdina en þar virtust talsverðir hnökur hafa verið á. Óhætt er að halda því fram að upplifun þeirra barna sem tóku þátt tengist frekar tilraun til að beita fjölskyldusamráði en geti ekki gefið raunhæfa mynd af því hvernig aðferðin reynist ef henni er beitt samkvæmt leiðbeiningum um framkvæmd. Fjölskyldusamráð krefst faglegrar færni af hálfu félagsráðgjafa. Bent hefur verið á að aðferðinni hafi oft á tíðum ekki verið beitt eins og leiðbeiningar kveða á um og ekki hafi verið nógu faglega unnið að valdeflingu fjölskyldunnar. Einnig eru ákveðnar vísbendingar um að fjölskyldur hafi ekki verið nógu vel undirbúnar fyrir fundina, en sá undirbúningur skiptir miklu máli þegar aðferðinni er beitt. Langar og flóknar skýrslur fagfólks hafa líka verið gagnrýndar svo og tregða fagfólks til að ræða og útskýra innihald skýrslna á fundunum (Freydís Freysteinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir, 2007).

Það er reynsla þeirra samfélaga sem hafa innleitt fjölskyldusamráð að ferlið hafi farið hægt af stað þrátt fyrir jákvæðar niðurstöður rannsókna. Það virðist gefa góða raun þegar innleiða á nýjar aðferðir að innleiðing eigi sér stað bæði að ofan með skýrri stefnu þeirra sem stjórna og að neðan með áhuga starfsmanna sem trú á aðferðina og hafa þann eldmód sem þarf til að innleiða breytingar og sem á ákveðin hátt umbylta hefðbundnum starfsháttum (Falck, 2006; Heino, 2009).

Í þessari samantekt hefur verið fjallað um fjölskyldusamráð og dregnar saman helstu niðurstöður rannsókna. Þær benda til þess að hér sé um að ræða aðferð sem á fullt erindi hér á landi. Það er brýnt verkefni að þróa leiðir og kenna aðferðir sem veita börnum aukna hlutdeild og þátttöku og þar ætti fjölskyldusamráð að vera einn valkostur. Börn skipa mikilvægan sess í samfélögum og því ætti að vera eðlilegt og sjálf-sagt að hlusta á skoðun þeirra og taka tillit til þarfa þeirra jafnt sem annarra. Það er

mikilvægt að félagsráðgjafar tileinki sér áherslur samtímans í vinnu með börnum og fá viðeigandi þjálfun og stuðning stofnana þegar breyta á vinnuaðferðum til hagsbóta fyrir notendur þjónustunnar.

Heimildir

- Barnalög nr. 76/2003.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Falck, S. (2006). *Hva er det med familieråd? Samlerapport fra prosjektet: Nasjonal satsing for utproving og evaluering av familieråd i Norge*. Sótt 6. september 2010 af http://www.nova.no/asset/2624/1/2624_1.pdf
- Félagsþjónustan í Reykjavík. (2004). *Starfsáætlun 2004*. Sótt 6. september. 2010 af http://reykjavik.is/Portalddata/1/Resources/velferdarsvid/reglur_aetlanir/starfsaetlun_felagstjonustan_2004.pdf
- Félagsþjónustan í Reykjavík. (2005). *Starfsáætlun 2005*. Sótt 6. september 2010 af http://reykjavik.is/Portalddata/1/Resources/velferdarsvid/reglur_aetlanir/starfsaetlun_felagstjonustan_2005.pdf
- Freydís Freysteinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir. (2007). *Family group conferences: A report on Family group conference research which took place in Iceland, and is part of a nordic research on the child perspective*. Sótt 6. september 2010 af <http://info.stakes.fi/NR/rdonlyres/F5474C7948374106BDC3DAC03FA72923/0/NationalReport.pdf>
- Guðrún Kristinsdóttir. (2005). Hvernig var í skólanum. *Glæður. Fagttímarit Félags íslenskra sérkennara*, 1, 26-32.
- Hansen J., Hansen T. H. og Rasmussen B. M. (2003). *Familieradslagning i Danmark. 2. de. Af evaluering af „Det danske forsøg med familieradslagning“*. København: UFC Børn og Unge.
- Heino, T. (2009). *Family Group Conference from a Child Perspective. Nordic Research Report*. Helsingi: National Institute for Health and Welfare.
- Hervör Alma Árnadóttir. (2007). Family Group Conference in Reykjavik, Island. Í L. E. Schjelderup og C. Omre (ritstjórar), *Veivisere for et fremtidig barnavern* (bls. 117-122). Trondheim: Tapir Akademisk Forlag.
- Hervör Alma Árnadóttir. (2008). Þátttaka barna í fjölskyldusamráði. Hvernig upplifa börn þátttöku sína þegar vinnuáðferðum fjölskyldusamráðs er beitt? *Tímarit félagsráðgjafa*, 35-45. Sótt 5. september 2010 af http://www.felagsradgjof.is/images-stories/timarit/rit_fel_08_lagad17okt.pdf
- Jóhanna Einarsdóttir. (2005). „Mér finnst það bara svo skemmtileg þróunarverkefni í leikskólanum Hofi um þátttöku barna í mati á leikskólustarfi. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Mortensen, B. (2007). *Børne Perspektivet i familieradslagning*. Odense: Styrelsen for Specialrådgivning og Social Service.
- Lupton, C. og Nixon, P. (1999). *Empowering Practice: A critical appraisal of the family group conference approach*. Bretland: Biblios Publishers Distribution Services Ltd.
- Lög um barnavernd nr. 43/1932.
- Rasmussen, M. (2010). *Innleiðing fjölskyldusamráðs á Íslandi*. Óbirt BA ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsráðgjafadeild.
- Reykjavíkurborg. (2006). *Starfsáætlun Velferðarsviðs 2006*. Sótt 5. september 2010 af http://reykjavik.is/Portalddata/1/Resources/velferdarsvid/reglur_aetlanir/Starfsaetlun_2006.pdf
- Reykjavíkurborg. (2007). *Starfsáætlun Velferðarsviða 2007*. Sótt 5. september 2010 af http://reykjavik.is/Portalddata/1/Resources/velferdarsvid/reglur_aetlanir/starfsaetlun_2007.pdf
- Reykjavíkurborg. (2008). *Starfsáætlun Velferðarsviðs 2008*. Sótt 5. september 2010 af http://reykjavik.is/Portalddata/1/Resources/velferdarsvid/reglur_aetlanir/starfsaetlun2008_lokautgafa.pdf
- Raunkiær, M. og Laurén, M. (2006). Brugerindflydelse og brugerinddragelse-teoretisk distinktion samt empiriske erfaringer. *Nordisk sosialarbeid*, 2, 143-154.
- Schjelderup, L. E., Omre, C. og Marthinsen, E. (ritstj.) (2005). *Nye metoder i et moderne barnaevern*. Bergen: Fagbokforlaget.

- Stefán Ólafsson. (1999). *Íslenska leiðin. Almannatryggingar og velferð í fjölbjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldabörð*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K Sigurðardóttir. (2005). Réttur barna og velferð við skilnað foreldra: um lýðræðishugsun og hagsmuni. *Tímarit lögfræðinga*, 55(2), 183-196.
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. (2009). *Starfsáætlun 2009*. Sótt 5. september 2010 af http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/velferdarsvid/reglur_aaetlanir/Velfer_arsvi_-_Starfs_tlun_og_greinaerger_me_fj_rhags_tlun_2009_-_090609.pdf
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. (2010). *Starfsáætlun 2010*. Sótt 5. september af http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/velferdarsvi_-nytt/skjol/starfsaaetlun-VEL-2010.pdf
- Wise, J. (2005). *Empowerment Practice with Families in distress*. *Families in Society*, 87, 457-458. Sótt 6. september 2010 af <http://proquest.umi.com/pqdweb?index?=o&did=1127966961&SrchMode=1&sid=1&Fmt=6&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&pvName=PQD&TS=1160306650&clientId=58032>
- Þórhildur Líndal (ritstjóri). (2007). *Barnasáttmálinn. Rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumbverfi*. Reykjavík: UNICEF Ísland.

Ofbeldi gegn öldruðum

Viðhorf, þekking og reynsla starfsfólks í heimaþjónustu

Sigrún Ingvarsdóttir
Sigurveig H. Sigurðardóttir

Þjóðir heims eru að eldast og má í því sambandi nefna að þrátt fyrir að þeir sem eru 65 ára eða eldri¹ séu nú aðeins um 11,6% íslensku þjóðarinnar, þá er gert ráð fyrir að eldri borgarar verði rúmlega 20% þjóðarinnar eftir um 40 ár. Jafnframt verður mikil fjölgun í elsta aldurshópnum, 80 ára og eldri (Hagstofa Íslands, 2009). Alþjóða heilbrigðisstofnunin hefur ásamt fleirum varað við því að fjölgun aldraðra ásamt þjóðfélagslegum breytingum geti haft í för með sér hækkaða tíðni ofbeldis gegn öldruðum (World Health Organization [WHO], 2008). Sömuleiðis hefur verið bent á að starfsfólk í grunnheilbrigðisþjónustu sé í lykilaðstöðu til að greina ofbeldið, fyrirbyggja endurtekningu og koma fórnarlambinu til aðstoðar (WHO, 2008).

Hér verður gerð grein fyrir meginlegri rannsókn sem gerð var meðal starfsfólks í heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu í Reykjavík á árinu 2007. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hversu algengt það er að starfsfólk félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar verði vart við ofbeldi gegn öldruðum í störfum sínum. Jafnframt var kannað hvernig starfsfólkið skilgreinir ofbeldi, hvort það hefur fengið fræðslu um ofbeldi gegn öldruðum og viðhorf þess til uppljóstrana um ofbeldið.

Áhættuþættir ofbeldis

Erlendar rannsóknir á ofbeldi gegn öldruðum gefa til kynna að um 2-10% eldri borgara verði fyrir ofbeldi. Elsti og veikasti hópur aldraðra er í meiri hættu á að verða fyrir ofbeldi og eldri konur eru oftast þolendur ofbeldis en eldri karlar (Cooney og Mortimer, 1995; O’Keeffe o.fl., 2007; Iborra, 2008). Í meirihluta tilvika eru gerendurnir tengdir þolandanum fjölskylduböndum, s.s. maki, barn eða barnabarn (O’Keeffe o.fl., 2007). Gerendur, eins og þolendur, eru oft félagslega einangraðir og í mörgum tilvikum eru þeir háðir hinum aldraða á einhvern hátt, s.s. um húsnæði og/eða fjárhagslega (Cooney og Mortimer, 1995; Wolf og Pillemer, 1989). Samhljómur er í niðurstöðum rannsókna varðandi það að gerendurnir eiga oft við andleg veikindi að stríða og mjög hátt hlutfall þeirra á við áfengisvanda að stríða (Lachs og Pillemer, 2004; Wolf og Pillemer, 1989). Álag virðist einnig vera áhættuþáttur hjá gerendum (Coyne og Reichman, 1993; Iborra, 2008). Í ýmsum kenningunum um ofbeldi er gert ráð fyrir að *samfélagslegir þættir* geti haft ýmist hvetjandi eða letjandi áhrif á beitingu ofbeldis. Þar er nefnt kynjamisrétti, átök milli hagsmunahópa í þjóðfélaginu og stuðningur frá samfélaginu til aldraðra og aðstandenda þeirra. Einnig nefna Peri og félagar (2008) viðhorf og gildi í þjóðfélaginu, s.s. viðhorf til beitingar ofbeldis og viðhorf til aldraðra.

¹ Þó hérlendis sé yfirleitt talað um aldraða sem 67 ára og eldri þá er hér talað um 65 ára og eldri til að auðvelda samanburð við erlendar rannsóknir.

Skilgreining á ofbeldi gegn öldruðum

Mikilvægt er að sátt sé um sameiginlega skilgreiningu sem notuð verði við rannsóknir og stefnumótun um forvarnir. Skilgreining sem bresku samtökin *Action on Elder Abuse*² hafa notað frá árinu 1995 (WHO, 2002, bls. 3) og bæði Alþjóða heilbrigðisstofnunin og margir rannsakendur styðjast nú við er í íslenskri þýðingu svohljóðandi:

Ofbeldi gegn öldruðum er ýmist einstök eða endurtekin athöfn eða skortur á athöfnum af hálfu þess/þeirra aðila sem hinn aldraði ætti að geta treyst. Þetta atferli veldur honum skaða eða andlegri þjáningu. Ofbeldið getur tekið á sig ýmsar myndir: líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, fjárhagsleg misnotkun eða viljandi/óviljandi vanræksla.

Ofangreind skilgreining felur í sér að „ofbeldi gegn öldruðum“ eigi sér stað sem einskonar brot á samskiptum tveggja eða fleiri aðila, þ.e. að gerandinn sé einhver sem hinn aldraði þekkir og/eða eigi að geta treyst. Jafnframt er tekið fram að athöfnin þurfi að valda hinum aldraða skaða eða andlegri þjáningu. Þetta þýðir að jafnvel þó samskonar verknaður sé framinn gagnvart tveimur öldruðum einstaklingum þá geti verið að aðeins sé um ofbeldi að ræða í öðru tilvikinu, vegna þess að í hinu tilvikinu veldur verknaðurinn hinum aldraða hvorki skaða né andlegri þjáningu. Það má því segja að skilgreiningin feli í sér að meta þurfi skaða og mat hins aldraða á verknaðinum til að ákveða hvort um ofbeldi sé að ræða eða ekki. Tíðni ofbeldisverknaða skiptir ekki máli, þar sem talað er um að athæfið geti verið eitt atvik eða endurtekið. Hinn aldraði getur ýmist orðið fyrir einni eða fleiri birtingarmyndum ofbeldis á sama tíma og ofbeldið getur verið misalvarlegt, allt frá því að vera lífshættulegt yfir í vanvirðingu sem stundum er sýnd í hugsunarleysi en veldur hinum aldraða þjáningu á einhvern hátt (Jenkins, Asif og Bennett, 2000). Þó að skilgreiningin geri ráð fyrir að hlustað skuli á hinn aldraða sjálfan til að ákvarða hvort um ofbeldi sé að ræða er hinsvegar í mörgum tilvikum erfitt að fá fram skoðanir þolanda ofbeldisins, t.d. vegna þess að hann vill ekki segja frá eða á erfitt með að segja frá vegna skertrar andlegrar getu eða tjáningarhæfni.

Lykilaðilar í greiningu ofbeldis gegn öldruðum

Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) hefur bent á að starfsmenn í grunnheilbrigðisþjónustu eru í lykilstöðu til að greina ofbeldi gegn öldruðum. Hins vegar greini fæstir þeirra ofbeldið þar sem það er ekki hluti af þjálfun þeirra og greiningartæki sem þeir nota við vinnu sína, t.d. til að meta þörf fyrir þjónustu, feli ekki í sér skimun eftir „ofbeldi gagnvart öldruðum“ (WHO, 2008). Niðurstöður rannsókna benda einnig til að starfsmenn félagsþjónustu séu að öllu jöfnu illa búnir til að þekkja og fást við ofbeldi gegn öldruðum (Anni G. Haugen, 2009; Perel-Levin, 2008). Það er því svo að jafnvel þó að vitneskja og vitund um það hafi aukist á undanförunum árum þá heldur ofbeldi gegn öldruðum áfram að vera falið og því ómeðhöndlað. Svo virðist sem aldraðir leiti sér síður hjálpar en aðrir sem ofbeldi eru beittir og eigi erfðara með að segja frá því. Þess vegna er enn mikilvægara að starfsfólk í félags- og heilbrigðisþjónustu sé vakandi fyrir einkennum ofbeldis (Bennett, Kingston og Penhale, 1997; Iborra, 2008). Viðbrögð starfsmanna í slíkum málum þurfa að vera fumlaus og miða að því að vernda þann sem fyrir því verður enda geta afleiðingar ofbeldis fyrir aldraða

² Action on elder abuse eru bresk „non profit“ samtök sem starfa að forvörnum gegn ofbeldi á öldruðum (sjá nánar heimasíðu samtakanna: www.elderabuse.org.uk)

einstaklinga verið hörmulegar, svo sem sálarangist, fjölþætt heilsuvandamál eða dauði (Perel-Levin, 2008; WHO, 2002).

Rannsókn meðal starfsfólks heimaþjónustu í Reykjavík

Í rannsókn sem gerð var meðal starfsfólks í heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu í Reykjavík á árinu 2007 var markmiðið að kanna hversu algengt það er að starfsfólk heimaþjónustu verði vart við ofbeldi gegn öldruðum í störfum sínum. Jafnframt var kannað (1) hvernig starfsfólkið skilgreinir ofbeldi, (2) hvort það hefur fengið fræðslu um ofbeldi gegn öldruðum og (3) viðhorf þess til uppljóstrana um ofbeldið (Sigrún Ingvarsdóttir, 2010). Þessi þrjú atriði hafa áhrif á það hvort starfsfólk þekki einkenni ofbeldis og bregðist við til að bæta aðstæður þolenda (Hjemdal og Juklestad, 2006; Krueger og Patterson, 1997; Perel-Levin, 2008; WHO, 2002). Spurningalisti var lagður fyrir alla starfsmenn sem voru í meira en 30% stöðugildi og unnu inni á heimilum aldraðra. Þýðið samanstóð af 276 starfsmönnum félagslegrar heimaþjónustu og 100 starfsmönnum heimahjúkrunar. Svarhlutfall var tæp 60% eða 158 starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu og 65 starfsmenn heimahjúkrunar.

Verður starfsfólk vart við ofbeldi í störfum sínum?

Til að fá svör við því hvort starfsfólk verði vart við ofbeldi gegn öldruðum notendum heimaþjónustu var stuðst við tvær leiðir. Annars vegar voru starfsmenn beðnir um að merkja við hvort þeir hefðu unnið á heimilum þar sem ein eða fleiri vísbendingar um ofbeldi/vanrækslu eiga við. Hins vegar voru starfsmenn spurðir um hvort þeir, á síðastliðnum 12 mánuðum, hefðu orðið vitni að eða grunað að aldraður notandi heimaþjónustu væri beittur ofbeldi. Fyrri leiðin hefur síður í för með sér skekkju sem fylgir mismunandi skilgreiningu starfsmanna á ofbeldi gegn öldruðum en svörin við beinu spurningunum geta verið háð því hvernig svarandinn skilgreinir ofbeldi.

Hærra hlutfall starfsmanna heimahjúkrunar (83%) en starfsmanna félagslegrar heimaþjónustu (57%) merktu við eina eða fleiri lýsingar sem bentu til mismunandi birtingarmynda ofbeldis. Sömuleiðis sagðist hærra hlutfall starfsmanna heimahjúkrunar (44% á móti 20% starfsmanna félagslegrar heimaþjónustu) hafa orðið vitni að eða grunað ofbeldi gegn öldruðum á sl. 12 mánuðum. Starfsmenn heimahjúkrunar starfa að öllu jöfnu á heimilum veikari einstaklinga heldur en starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu. Það að þeir verði oftast varir við ofbeldi gegn öldruðum styður erlendar rannsóknir sem sýna að því háðara sem fólk er aðstoð því meiri hætta er á það verði fyrir ofbeldi (Pillemer og Bachman-Prehn, 1991; Iborra 2008).

Í rannsókninni segjast um 60% starfsmanna heimahjúkrunar hafa unnið á sl. 12 mánuðum á heimili þar sem hinn aldraði sem er með heilabilun og er skilinn eftir einn heima mest allan daginn, um 72% starfsmanna heimahjúkrunar hafa unnið á heimili þar sem algengt er að ekkert matarkyns sé til og 38% segjast hafa unnið á heimili þar sem fjölskyldumeðlimur sem er að annast hinn aldraða er sjálfur óhæfur til þess. Jafnframt segjast tæp 19% starfsmanna heimahjúkrunar hafa unnið á heimili þar sem (annar) starfsmaður uppfylli ekki þarfir notandans um þjónustu. Þessar lýsingar eru vísbendingar um að hinn aldraði geti verið í hættu fyrir að vera vanræktur (McCreadie, Bennett og Tinker, 1998). Þó að hlutfall starfsmanna félagslegrar heimaþjónustu sem hafa unnið inn á heimilum þar sem vísbendingar eru um vanrækslu sé heldur lægra en hjá heimahjúkrun, þá er það samt töluvert hátt. Hafa um 22% þeirra unnið á heimili þar sem sá aldraði er með heilabilun og er skilinn eftir einn heima mest allan daginn, svipað hlutfall starfsmanna segist hafa unnið á heimili þar sem algengt er að ekkert matarkyns er til, 14% starfsmanna félagslegrar heimaþjónustu segjast hafa unnið á

heimilum þar sem fjölskyldumeðlimur sem er að annast hinn aldraða sé óhæfur til þess og 9% segjast hafa unnið á heimili þar sem (annar) starfsmaður uppfyllir ekki þarfir notandans um þjónustu.

Til samanburðar má geta þess að í rannsókn McCreadie og félagá (1998) kemur fram að um 18% heimilislækna í Bretlandi þekkja til þar sem einstaklingur með heilabilun er skilinn einn eftir heima mest allan daginn og 26% þekkja til þar sem umönnunaraðili er óhæfur til að mæta þörfum þess aldraða.

Þegar lítið er til aðstæðna þar sem vísbendingar eru um andlegt ofbeldi þá er töluvert hátt hlutfall starfsmanna sem segist hafa starfað á heimili þar sem ættingi er reiður yfir að þurfa að aðstoða hinn aldraða eða rúm 22% starfsmanna félagslegrar heimaþjónustu og 48% starfsmanna heimahjúkrunar. Jafnframt er nokkuð hátt hlutfall starfsmanna sem hefur orðið var við að fjölskyldumeðlimur sem annast um hinn aldraða á við eigin vandamál að stríða, s.s. geðrænan eða áfengisvanda. Af þeim 200 starfsmönnum sem svöruðu spurningunni höfðu níttján unnið á heimili aldraðs skjólstaðings sem býr með fullorðnum einstaklingi sem sýnir ögrandi hegðun og 23 aðstoðað aldraðan einstakling sem hefur áhyggjur af ögrandi hegðun uppkomins barns síns. Um 10% starfsmanna félagslegrar þjónustu og 28% starfsmanna heimahjúkrunar hafa unnið á heimili þar sem óhófleg neysla áfengis eða fíkniefna fer fram.

Nokkuð færri starfsmenn segjast hafa starfað á heimili þar sem aðstæður gefa vísbendingu um að líkamlegt ofbeldi eigi sér stað. Sjö starfsmenn segjast hafa starfað á heimili þar sem sá aldraði er með áverka sem ekki fást útskýrðir á fullnægjandi hátt. Fleiri, eða tæp 27% starfsmanna heimahjúkrunar og 10% starfsmanna félagslegrar heimaþjónustu segjast hafa unnið á heimili þar sem aldraður einstaklingur með heilabilun er árásgjarn við aðstandendur sína en rannsóknir sýna einmitt að þeir sem sýna af sér slíka hegðun eru einnig í hættu á að verða fyrir ofbeldi (Pillemer og Bachman-Prehn, 1991). Þá hafa 9% svarenda unnið á heimili þar sem sá aldraði á langa sögu um heimilisofbeldi annað hvort sem þolandi eða sem gerandi og tæp 6% starfsmanna segjast hafa tekið eftir að ættingi gefi hinum aldraða annað hvort of mikið eða of lítið af lyfjum. Tveir starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu sögðust hafa unnið á heimili þar sem aldraður notandi hefði verið með grunsamleg vandamál tengdum kynfærum og/eða endaþarmi en aðrar lýsingar gáfu ekki vísbendingar um kynferðislega misnotkun.

Færri starfsmenn höfðu unnið á heimilum þar sem þeir höfðu orðið varir við vísbendingar um fjárhagslega misnotkun heldur en vanrækslu og andlegt ofbeldi.

Af framangreindu má sjá að töluvert algengt er að heimaþjónustustarfsmenn verði varir við ofbeldi gegn öldruðum í starfi sínu, því að á hverju ári verður tæplega annar hver starfsmaður heimahjúkrunar og fimmti hver starfsmaður félagslegrar heimaþjónustu var við ofbeldi, sumir oft en einu sinni. Jafnframt koma enn fleiri starfsmenn á heimili þar sem merki eru um vanrækslu eða áhættuþætti ofbeldis.

Skilgreining starfsfólks á ofbeldi gegn öldruðum?

Svo virðist sem um fjórðungur starfsmanna telji hvorki vanrækslu né fjárhagslega misnotkun til birtingarmynda ofbeldis gegn öldruðum og skilgreina þar með hugtakið fremur þröngt ef miðað er við skilgreininguna hér að framan. Þetta má meðal annars sjá af því að fleiri starfsmenn vinna á heimilum þar sem vísbendingar eru um vanrækslu en þeir sem segjast hafa orðið vitni að eða grunað ofbeldi (sjá hér að framan). Þrátt fyrir að yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna telji óeðlilegt að börn fari frjálsglega með peninga og eigur aldraðra foreldra sinna þá virðast færri flokka það sem ofbeldi. Til dæmis telja einungis um 73% svarenda það vera ofbeldi ef dóttir biður aldraða foreldra að skrifa upp á lán fyrir sig án þess að ætla sér að borga af láninu og einungis 66% svarenda telja það vera ofbeldi ef barnabarn fær lánaða peninga hjá ömmu án

Þess að ætla sér að borga til baka. Misjafnt var hvort svarendur teldu fullyrðingar, sem bentu til félagslegs misréttis, vera ofbeldi gagnvart öldruðum. Flestir eða 66% telja það vera ofbeldi ef hjón fá ekki að vistast saman á hjúkrunarheimili þrátt fyrir að það sé ósk beggja og um 52% telja það ofbeldi ef fólk neyðist til að deila herbergi með öðrum til að fá hjúkrunarheimilisvist. Færri eða 36% svarenda taldi það ofbeldi að fólk væri gert að hætta að vinnu um sjötugsaldurinn þó það vildi vinna áfram.

Viðhorf til uppljóstrana um ofbeldi

Þeir starfsmenn sem sögðust hafa unnið á heimilum þar sem annaðhvort ein eða fleiri vísbendingar voru um birtingarmyndir ofbeldis voru spurðir um hvort þeir hefðu gert eitthvað með þessar upplýsingar. Um fimmtungur svarenda sagðist ekki hafa gert neitt við upplýsingarnar en meirihluti (79%), sagðist hafa unnið áfram með þær. Þar af sögðust 84 (74%) hafa látið yfirmann vita af aðstæðum, 46 (41%) sögðust hafa spurt nánar út í aðstæður, 45 (40%) sögðust hafa haldið áfram að vera vakandi yfir aðstæðum með tilliti til vanrækslu eða ofbeldis, 41 (37%) sagðist hafa fengið handleiðslu eða ráðgjöf frá samstarfsfélögum og 7 nefndu aðra möguleika s.s. að haft hefði verið samband við aðra ættingja, málið tekið upp á samráðsfundi með öðrum þjónustuaðilum eða sótt hefði verið um annað búsetuúrræði eða aukna þjónustu fyrir notandann. Það skal tekið fram að hægt var að merkja við fleiri en einn svarmöguleika.

Þeir sem sögðust hafa orðið vitni að ofbeldi höfðu allir gert eitthvað með þær upplýsingar og langflestir höfðu látið yfirmann sinn vita. Hinsvegar höfðu þeir sem höfðu grunsemdir um ofbeldi ekki allir unnið áfram með upplýsingarnar, sumir vegna þess að hinn aldraði bað þá um að fara ekki með þetta lengra, aðrir vegna þess að þeim fannst þeir ekki hafa nægar upplýsingar til að fara að ásaka einhvern og enn aðrir sögðust hreinlega ekki hafa vitað hvað þeir ættu að gera.

Starfsmennirnir voru langflestir sammála því að ofbeldi sé ekki einkamál fjölskyldunnar og telja að það komi þolandanum ekki til góða að þagað sé yfir ofbeldinu. Hins vegar virðist sem heimaþjónustustarfsmenn telji ekki nægilega skýran farveg vera til hjá yfirvöldum fyrir þessi mál og hluti starfsmanna telur jafnvel að það geti orðið verra fyrir þolandann ef leitað er til yfirvalda með mál hans.

Mikill meirihluti starfsmanna taldi sig þurfa meiri fræðslu um ofbeldi gagnvart öldruðum þrátt fyrir að um 62% hafi þegar hlotið einhvers konar fræðslu um efnið. Aðrar niðurstöður bentu einnig til þess að starfsmenn séu ekki nægilega upplýstir um áhrifaþætti ofbeldis, einkenni og birtingarmyndir (Sigrún Ingvarsdóttir, 2010).

Samantekt

Ljóst er af niðurstöðum rannsóknarinnar að starfsmenn heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu vinna í mörgum tilvikum á heimilum þar sem þá grunar að aldraður skjólstæðingur verði fyrir ofbeldi eða verða jafnvel vitni að því. Þegar starfsmenn telja sig hafa nokkuð óyggjandi upplýsingar þá leitast þeir við með ýmsum hætti að bæta aðstæður skjólstæðinga sinna. Hins vegar benda niðurstöður rannsóknarinnar einnig til að skýrari farvegur þurfi að vera fyrir þessi mál, því stór hluti starfsmanna telur hvorki vera til skýrt verklag til lausnar á þessum málum né að það skili einhverju fyrir þolandann að láta yfirvöld vita af ofbeldinu.

Þótt að rúm 60% þeirra starfsmanna sem tóku þátt í rannsókninni hafi fengið fræðslu um ofbeldi gegn öldruðum taldi mikill meirihluti þeirra sig þurfa meiri fræðslu um efnið. Einnig mátti sjá af svörum starfsmanna að þeir voru nokkuð óvissir um eðli ofbeldisins og um verklag þegar grunsemdir vakna. Misjafnt var hvernig starfs-

mennirnir skilgreindu ofbeldi þó að nokkuð sameiginlegur skilningur væri meðal starfsmannanna á því hvað teldust óviðunandi aðstæður hjá öldruðum.

Bent hefur verið á að mikilvægt sé fyrir stefnumótun um forvarnir að sameiginlegur skilningur sé á hugtakinu „ofbeldi gagnvart öldruðum“ (Hörl, 2007). Það verður því að teljast brýnt að auka fræðslu um forvarnir og viðbrögð þegar upp kemur grunur um ofbeldi sem og að meðal starfsmannanna sé unnið út frá samræmdri skilgreiningu á ofbeldi.

Heimildir

- Anni G. Haugen. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar*. Reykjavík: Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Bennett, G., Kingston, P. og Penhale, B. (1997). *The dimensions of elder abuse*. London: MacMillan Press Ltd.
- Cooney, C. og Mortimer, A. (1995). Elder abuse and dementia: A pilot study. *International Journal of Social Psychiatry*, 4(4), 276-283.
- Coyne, A. og Reichman, W. (1993). The relationship between dementia and elder abuse. *American Journal of Psychiatry*, 150, 643-646.
- Hjemdal, O. K. og Juklestad, O. N. (2006). *En privatsak? Eldres oppfatning av vold og overgrep og om å melde fra om overgrep*. Oslo: Nasjonalt kunnskapssenter om vold og traumatisk stress.
- Hörl, J. (2007). The social construction of violence in old age. *Journal of Adult Protection*, 9(1), 33-38.
- Iborra Marmolejo, I. (2008). *Elder Abuse in the family in Spain*. Valencia: Queen Sofía Center. Sótt 4. ágúst 2009 af <http://www.inpea.net/reportsresources.html>
- Jenkins, G., Asif, Z. og Bennett, G. (2000). *LISTENING IS NOT ENOUGH -An analysis of calls to Elder abuse response*. London: Action on Elder Abuse's national helpline.
- Krueger, P. og Patterson, C. (1997). Detecting and managing elder abuse: Challenges in primary care. *Canadian Medical Association Journal*, 157(8), 1095-1100.
- Lachs, M. S. og Pillemer, K. (2004). Elder abuse. *The Lancet*, 364, 1263-1273.
- Hagstofa Íslands. (2009, janúar). *Mannfjöldaspá Hagstofunnar*. Sótt 9. september 2009 af <http://www.hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Framreikningur-mannfjoldans>
- McCreadie, C., Bennet, G. og Tinker, A. (1998). Investigating British general practitioners' knowledge and experience of elder abuse: Report of a research study in an inner London borough. *Journal of Elder Abuse & Neglect*, 9(3), 23-40.
- O'Keefe, M., Hills, A., Doyle, M., McCreadie, C., Scholes, S. Constantine, R. o.fl. (2007). *UK Study of Abuse and Neglect of Older People*. London: National Centre for Social Research. Sótt 4. ágúst 2009 af <http://www.inpea.net/reportsresources.html>
- Perel-Levin, S. (2008). *Discussing screening for elder abuse at primary health care level*. London: WHO. Sótt 13. ágúst 2009 af http://www.who.int/ageing/publications/-Discussing_Elder_Abuseweb.pdf
- Peri, K., Fanslow, J., Hand, J. og Parsons, J. (2008). *Elder abuse and neglect. Exploration of risk and protective factors*. New Zealand: Auckland Uniservices Limited. Sótt 4. ágúst 2009 af <http://www.inpea.net/reportsresources.html>
- Pillemer, K. og Bachman-Prehn, R. (1991). Helping and hurting. *Research on aging*, 13(1), 74.
- Sigrún Ingvarsdóttir. (2010). *Ofbeldi gegn öldruðum. Viðhorf, þekking og reynsla starfsfólks í heimaþjónustu*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagaráðgjafadeild.
- World Health Organization. (2002). *The Toronto declaration on the global prevention of elder abuse*. Geneva: Höfundur.
- World Health Organization. (2008). *A global response to elder abuse and neglect. Building primary health care capacity to deal with the problem worldwide*. Genf: Höfundur. Sótt 3. desember 2009 af http://www.who.int/ageing/publications/elder_abuse/en/-index.html
- Wolf, R. og Pillemer, K. (1989). *Helping elderly victims: The reality of elder abuse*. New York: Columbia University Press.

Breytingar á tekjum félagasamtaka í velferðarþjónustu í kjölfar efnahagshrunsins

Steinunn Hrafnadóttir
Ómar H. Kristmundsson

Eins og alkunna er hefur efnahagshrunið haft víðtæk áhrif á íslenskt samfélag. Mikið hefur verið fjallað um áhrif þess á rekstur hins opinbera og einkafyrirtækja, en minna hefur farið fyrir umfjöllun um áhrif efnahagsástandsins á samtök þriðja geirans. Samkvæmt fræðilegum skilgreiningum eru félagasamtök hluti af þriðja geiranum. Það sem einkennir þau er að starfsemin er hvorki hluti af opinberum rekstri né einkarekstri og starfræksla hans hefur ekki hagnað að markmiði. Félagasáðild er frjál og þátttaka sjálfbodaliða er að einhverju leyti hluti af starfinu. Að baki starfseminni liggja hugsjónir og/eða ákveðin hugmyndafræði og markmiðið er oft að vinna að umbótum í þágu almennings og samfélagsins (Steinunn Hrafnadóttir, 2008).

Vegna þessarar sérstöðu félagasamtaka er áhugavert að skoða hvaða áhrif efnahagskreppur hafa á starfsemi félagasamtaka, þar á meðal hvernig tekjur og tekju-samsetning þeirra hafa breyst í kjölfar efnahagshrunsins.

Í þessari grein verður fjallað um fyrstu niðurstöður rannsóknar á áhrifum núverandi efnahagsrunns á félagasamtök í velferðarþjónustu á Íslandi með áherslu á að greina breytingar á tekjum þeirra.

Áhrif alþjóðlegu efnahagskreppunnar á þriðja geirann

Margar erlendar athuganir og samantektir hafa verið gerðar á áhrifum hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu á félagasamtök en vegna fjölbreytileika þeirra og mismunandi gæða er erfitt að draga almennar niðurstöður um áhrifin. Nokkrir fræðimenn hafa þó gert tilraun til að draga saman almennar og sértækar niðurstöður af áhrifum fyrri efnahagskreppna á félagasamtök. Hér má nefna Mohan og Wilding (2009), Wilding (2010), Sharpe (1991), Prizeman og McGee, (2009) og Social Planning Network of Ontario (2009). Einnig hefur *Giving USA Foundation* (2010) í samvinnu við *The Center on Philanthropy* við Indiana háskóla í Bandaríkjunum í yfir 50 ár gert rannsóknir á gjöfum og framlögum einstaklinga og sjóða til líknar-og góðgerðarmála í Bandaríkjunum. Helstu niðurstöður þessara höfunda eru eftirfarandi:

- Rannsóknir á áhrifum fyrri efnahagskreppna sýna að framlög til félagasamtaka dragast heldur saman eða standa í stað.
- Áhrif efnahagsástandsins á samtök þriðja geirans eru mjög misjöfn. Það fer t.d. eftir stærð, lífsskeiði, skiptingu tekna og viðfangsefna.
- Þriðji geirinn er mjög viðkvæmur fyrir skammtíma samdrætti á tekjum því fá samtök eiga varasjóði.
- Efnahagsástandið hefur meiri áhrif á meðalstór og lítil félagasamtök, heldur en stór, þó taka verði mið af því um hvers konar félagasamtök er að ræða.
- Stefna stjórnvalda varðandi fjármögnun skiptir miklu máli. Rannsóknir sýna að framlög frá stjórnvöldum minnka á krepputímum.
- Framlög frá einstaklingum eru svipuð eða minnka lítillega. Sjá má jafnvel aukningu á framlögum til ákveðinna félagasamtaka.

- Framlög fyrirtækja haldast sterkt í hendur við afkomu þeirra.
- Félagasamtök leggja meiri áherslu á að fá sjálfbodaliða til starfa þegar samdráttur verður í tekjum.
- Meiri þörf er fyrir þjónustu félagasamtaka á samdráttartímabilum, sérstaklega á sviði heilbrigðis- og félagsmála.
- Meiri samkeppni er um minna fjármagn vegna niðurskurðar hjá stjórnvöldum og fyrirtækjum.

Rannsókn á áhrifum efnahagskreppunnar á íslensk félagasamtök

Markmið rannsóknarinnar er að greina áhrif efnahagskreppunnar á félagasamtök á Íslandi og viðbrögð þeirra í kjölfar hennar. Einnig er henni ætlað að greina breytingar á starfsemi og rekstri félagasamtaka. Rannsóknin hefur margvíslegt gildi.

1. *Fyrir félagasamtök til mótunar framtíðaráherslna.* Þau félög sem taka þátt í rannsókninni fá sent yfirlit um eigin svör ásamt heildarniðurstöðum. Þannig geta félagasamtök borið sig saman við hliðstæð samtök og einnig allan þátttökuhópinn.
2. *Fyrir rannsóknir á þriðja geiranum á Íslandi.* Takmarkaðar upplýsingar eru til um umfang, stöðu og starfsumhverfi félagasamtaka á Íslandi. Þessi könnun er hluti af stærra rannsóknaverkefni sem hefur það að markmiði að fá yfirsýn yfir þriðja geirann.
3. *Fyrir stjórnvöld til stefnumótunar.* Mikilvægt er fyrir stjórnvöld að hafa upplýsingar um hvaða áhrif efnahagskreppan hefur á félagasamtök á sama hátt og önnur svið samfélagsins.

Rannsóknin er unnin í áföngum. Í fyrsta áfanga voru athuguð félagasamtök á félags- og heilbrigðissviði og í öðrum áfanga verða könnuð íþrótt- og tómstundafélög, menningar- og umhverfisfélög.

Til að afla gagna voru notaðar eigindlegar og meginlegar aðferðir. Viðtöl voru tekin við sex stjórnendur félagasamtaka á heilbrigðis- og félagssviði og sex viðtöl við stjórnendur hjá ríki og sveitarfélögum, sem allir höfðu að einhverju leyti tengsl við félagasamtök í starfi sínu.

Í meginlegu rannsókninni var aflað gagna með ítarlegri netkönnun. Niðurstöður viðtala voru notaðar til að vinna spurningalista ásamt því sem erlendir spurningalistar voru hafðir til hliðsjónar. Úrtakið var fengið frá Hagstofu Íslands og í því voru 144 félagasamtök í velferðarþjónstu sem höfðu greitt laun á árinu 2009 samkvæmt staðgreiðsluskrá Hagstofu Íslands og reiddu sig að einhverju leyti á sjálfbodaliða í starfi sínu. Kynnisbréf var sent til framkvæmdastjóra félagasamtakanna í júní 2010 og í kjölfarið var spurningalistinn sendur út með rafrænum hætti. Áminningarbréf var sent í lok júní og því síðan fylgt eftir með símtölum. Alls tóku 116 þátt eða 80,6%.

Í spurningalistakönnuninni og í viðtölunum var lögð áhersla á að afla nákvæmra upplýsinga um starfsemi og rekstur félagasamtaka á árinu 2008-2009. Spurningalistinn innihélt 34 lokaðar spurningar og einnig voru nokkrar opnar spurningar til nánari útskýringa á einstökum liðum.

Rannsóknin er gerð í samvinnu við Almannaheill, Samtök þriðja geirans. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands veitti styrk til rannsóknarinnar. Ásamt höfundum vann Gestur Páll Reynisson, stjórn málafræðingur að öflun og úrvinnslu meginlegra gagna.

Niðurstöður

Í greininni er fjallað um niðurstöður er lúta að breytingum á tekjum félagasamtaka í velferðarþjónustu á árinu 2008 til loka árs 2009. Við mat á mikilvægi þessara breytinga er hér fyrst lýst tekjustofningu, og hverjir séu mikilvægustu tekjustofnar félagasamtaka.

Á *töflu 1* kemur fram að tæpur þriðjungur félagasamtaka telur mikinn hluta tekna koma úr ríkissjóði. Er það sá einstaki tekjustofn sem flest félagasamtök í velferðarþjónustu nefna. Um 2 af hverjum 10 nefna styrki frá fyrirtækjum og svipaður fjöldi félagsgjöld, tekjur af þjónustu og framlög frá einstaklingum. Sjaldgæft er að mikill hluti tekna sé vegna fjárfestinga. Gera má ráð fyrir að mikilvægi einstakra tekjustofna sé mismunandi eftir viðfangsefnum félaga, þ.e.a.s. hvort meginhlutverk þeirra er: *Opinber þjónusta* svo sem rekstur öldrunarheimilis með þjónustusamning við ríki. *Meðlimamiðuð þjónusta* svo sem svokölluð sjúklingafélög sem veita stuðning og þjónustu til sinna meðlima. *Hagsmunabarátta* fyrir tiltekin málstað svo sem Samtökin 78. Eins má gera ráð fyrir að stærð og aldur hafi áhrif. Unnið verður síðar að greiningu út frá þessum óháðu breytum.

Tafla 1. Hvaðan koma tekjur félagasamtaka í velferðarþjónustu?

| Tekjustofn | Mikill hluti | Lítill hluti | Enginn hluti |
|---------------------------------|--------------|--------------|--------------|
| Ríkissjóður | 30% | 29% | 41% |
| Styrkir frá fyrirtækjum | 22% | 40% | 38% |
| Félagsgjöld | 21% | 51% | 29% |
| Tekjur af þjónustu | 18% | 29% | 53% |
| Styrkir frá einstaklingum | 17% | 52% | 32% |
| Tekjur af spilakössum eða lottó | 8% | 14% | 78% |
| Styrkir frá sveitarfélögum | 7% | 18% | 75% |
| Styrkir úr sjóðum einkaaðila | 6% | 30% | 65% |
| Tekjur af fjárfestingum | 2% | 14% | 84% |
| Tekjur af happdrætti | 2% | 10% | 88% |

Á *töflu 2* koma fram niðurstöður um breytingar á tekjum í heild. Samkvæmt töflunni hafa tekjur hjá tæpum þriðjungi félagasamtaka haldist svipaðar á tímabilinu 2008 til loka árs 2009, hjá öðrum þriðjungi hafa tekjur aukist og samdráttur hefur orðið hjá rúmum þriðjungi. Einungis 1 félag af hverjum 10 hefur fundið fyrir verulegum samdrætti í tekjum. Þegar tekið er mið af stærð félaga mælt í ársverkum, kemur í ljós að hjá helmingi fámennustu félaganna (eitt ársverk eða minna) hafa tekjur haldist svipaðar en tæpur þriðjungur finnur fyrir nokkurn samdrætti. Um 2/3 hlutar stærstu félaganna (fleiri en 50 ársverk) finna annað hvort fyrir samdrætti eða að tekjur séu svipaðar. Það fer nokkuð eftir stærð félaga hvort þau finni fyrir tekjuaukningu. Þetta á t.d. við helming meðalstórra félaga (5,5-10 ársverk) en 6% þeirra fámennustu.

Tafla 2. Hvernig hafa tekjur félaga breyst í heild frá byrjun árs 2008 til loka árs 2009 skipt eftir stærð félagasamtaka

| | Samtals | Ársverk 2009 | | | | |
|----------------------|---------|--------------|-------|--------|-------|-----|
| | | ≤1 | 1,5-5 | 5,5-10 | 11-50 | 51≥ |
| Veruleg aukning | 5% | 0% | 9% | 17% | 0% | 0% |
| Nokkur aukning | 26% | 6% | 30% | 33% | 33% | 33% |
| Haldist svipuð | 32% | 52% | 30% | 17% | 11% | 22% |
| Nokkur samdráttur | 27% | 30% | 15% | 25% | 56% | 44% |
| Verulegur samdráttur | 10% | 12% | 15% | 8% | 0% | 0% |

Þegar skoðaðar eru breytingar eftir tekjustofnum kemur í ljós að tekjur vegna félagsgjalda hafa haldist svipaðar hjá 6 félögum af hverjum 10, þær hafa aukist hjá 2 af hverjum 10 og dregist saman hjá sama hlutfalli félaga (*tafla 3*). Svipaðar niðurstöður koma í ljós þegar skoðaðar eru breytingar á tekjum vegna þjónustugjalda. Skv. könnuninni hafa styrkir frá einstaklingum haldist í stað hjá tæpum helmingi félaga, tæpur fjórðungur upplifir aukningu en þriðjungur samdrátt. Niðurstöður eru aðrar þegar skoðaðar eru breytingar á framlögum frá fyrirtækjum en nær 6 af hverjum 10 félagasamtökum lýsa samdrætti í þessum tekjustofni þar af tæpur þriðjungur verulegum samdrætti. Breytingar á framlögum úr styrktarsjóðum einkaaðila hafa dregist enn meira saman, 8 af hverjum 10 lýsa samdrætti, tæplega 2/3 verulegum samdrætti.

Félög greina frá samdrætti í styrkjum frá hinu opinbera, 6 af hverjum 10 greina frá því að tekjur vegna styrkja frá ríkinu hafi dregist saman, og svipað hlutfall vegna styrkja frá sveitarfélögum. Tæplega 4 félög af hverjum 10 upplifa samdrátt í tekjum vegna styrkja úr samkeppnissjóðum en innan við 2 upplifa aukningu.

Tafla 3. Hvernig hafa tekjur félaga breyst í heild frá byrjun árs 2008 til loka árs 2009 skipt niður eftir tekjustofnum

| | Veruleg aukning | Nokkur aukning | Haldist svipuð | Nokkur samdráttur | Verulegur samdráttur |
|---------------------------------------|-----------------|----------------|----------------|-------------------|----------------------|
| Félagsgjöld | 0% | 18% | 58% | 18% | 6% |
| Þjónustugjöld | 2% | 20% | 61% | 10% | 6% |
| Styrkir frá einstaklingum | 2% | 20% | 45% | 18% | 15% |
| Styrkir frá fyrirtækjum | 2% | 14% | 27% | 27% | 31% |
| Styrkir úr sjóðum einkaaðila | 0% | 14% | 10% | 13% | 64% |
| Styrkir frá ríki | 6% | 2% | 36% | 42% | 15% |
| Styrkir frá sveitarfélögum | 3% | 3% | 39% | 30% | 24% |
| Styrkir úr opinberum samkeppnissjóðum | 4% | 13% | 44% | 20% | 18% |

Umræða

Þegar á heildina er litið sýna ofangreindar niðurstöður ekki fram á verulegar breytingar á tekjum félagasamtaka á því tímabili sem spurt er um, þ.e.a.s. árið 2008 til loka árs 2009. Á seinni hluta árs 2010 er Ísland enn í verulegri efnahagslægd samkvæmt helstu hagstærðum og bæði ríki og sveitarfélög vinna um þessar mundir að fjárlagagerð og fjárhagsáætlanagerð sem gerir ráð fyrir enn meiri samdrætti í rekstri hins opinbera á árinu 2011. Þar sem framlög frá ríkinu eru mikilvægur tekjustofn fyrir stóran hóp félagasamtaka má búast við að þau muni verða fyrir meiri skerðingu 2011 en árið áður. Til að greina þessa þróun í tekjum félagasamtaka er því nauðsynlegt að endurtaka könnunina á næstu árum. Við túlkun þarf að hafa í huga að niðurstöður taka einungis til félagasamtaka sem starfa í velferðarþjónustu. Á síðasta fjórðungi ársins 2010 verður lögð sambærileg könnun fyrir félög sem starfa á öðrum vettvangi þar á meðal íþrótt- og tómsundafélög og félög á sviði menningar og lista.

Framangreindar niðurstöður eru í ágætu samræmi við þær almennu ályktanir sem draga má af erlendum rannsóknum um áhrif efnahagskreppna á félagasamtök. Þó tekjusamdráttur hafi ekki verið mikill á framangreindu tímabili virðist sem tekjusamsetning hafi breyst. Samdráttur hefur orðið á framlögum frá fyrirtækjum og sjóðum einkaaðila. Hjá góðum meirihluta félaga hafa hins vegar framlög frá einstaklingum annað hvort haldist í stað eða aukist. Félagsgjöld og tekjur af þjónustu virðast ekki hafa dregist mikið saman. Samdráttur hefur hins vegar orðið í framlögum hjá hinu opinbera sem má gera ráð fyrir að muni verði enn meiri á árinu 2011.

Heimildir

- Giving USA Foundation og The Center on Philanthropy at Indiana University. (2010). *The Annual report on philanthropy for the year 2009* (55th Annual issue). Executive summary.
- Mohan, J. og Wilding, H. (2009). *Economic downturns and the voluntary sector: What can we learn from historical evidence?* London: History and Policy Policy paper 85. Sótt 2. september 2010 af <http://www.historyandpolicy.org/papers/policy-paper-85.html>
- Prizeman, G. og McGee, S. (2009). *Charitable fundraising in an economic downturn: The first annual report on income and fundraising activity in Irish charities*. Dublin: Centre for Non-Profit Management.
- Social Planning Network of Ontario. (2009). *Hard hit: Impact of the economic downturn on nonprofit community social services in Ontario, Canada*. Toronto: Social Planning Network of Ontario (SPNO).
- Sharpe, F. R. (1991). *Philanthropy in uncertain times. A retrospective 1931-1949*. USA: RFS & Co.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2008). Frjáls félagasamtök og sjálfbæðastörf á Íslandi. Í Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir (ritstjórar), *Stjórnun og rekstur félagasamtaka* (bls. 21-41). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Wilding, K. (2010). Voluntary organizations and the recession. *Voluntary Sector Review*, 1(1), 97-101.

